

**Nd.**

**359. Frumvarp til laga**

**[123. mál]**

um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

**1. gr.**

Ákvæði þau um tekjuöflun í dýrtíðarsjóð, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, skulu gilda til 1. apríl 1950, að undanteknum d-, e- og f-liðum 30. gr. laganna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í 13. gr. laga nr. 1/1950 um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútteigsins o. fl. er svo ákveðið, að hafi ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 verið sett löggjöf, er til frambúðar leysi rekstursvandamál bátaútteigsins, skuli ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt lögnum framlengjast þar til slík löggjöf hafi verið sett, allt til 15. maí 1950. Hins vegar er nokkur vafi á því, hvort ákvæði 14. gr. laganna um tekjuöflun til að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðarinnar gildi lengur en til 1. marz 1950.

Þar sem augljóst virðist að löggjöf um frambúðarlausn á rekstursvandamálum bátaútteigsins verði ekki sett fyrir lok þessa mánaðar og ábyrgð ríkissjóðs á fiskverðinu framlengist því eitthvað, verður að sjálfsögðu að láta einnig gilda áfram þau ákvæði laga nr. 1/1950, sem mæla fyrir um tekjuöflun til þessara útgjalda ríkissjóðs. En þar sem vafi leikur á því hvort framlengingarákvæði 13. gr. nái einnig til tekjuöflunarákvæðanna er þetta frumvarp borið fram.